

Framkvæmdaráðsfundur

11. júní 2008

Fundargerð

Framkvæmdaráð SSA

Reyðarfirði , álver Fjarðaál 11. júní 2008 kl. 12.00.

Mættir : Bj. Hafþór Guðmundsson, Ólafur Ármannsson ,Guðmundur R. Gíslason og framkvæmdastjóri .

Guðmundur Bjarnason (G.B) tók á móti ráðinu í skrifstofubýggingu álversins , þar sem ráðsmenn fóru í byrjun í öryggistest hjá öryggisverði.

G.B . sagði frá því helsta sem bar fyrir augu í byggingunni og nágrenni og svaraði spurningum um starfsemina.

Hádegisverður var borðaður í mötuneytissal álversins í boði G.B.

Fundurinn fór fram í einum fundarsala álversins .

1. Formaður setti fund :

Pakkaði Guðmundi Bjarnasyni fyrir móttökurnar og óskaði eftir afbrigði frá dagskrá á þá leið að liður 4. Jöfnunarsjóður verði tekinn fyrir strax. Kynning á Rannsóknarsjóði Austurlands (Guðrún Á. Jónsdóttir.), nýr liður , verði tekinn fyrir þar á eftir og síðan komi aðrir liðir sem færast þá aftur í dagskrá sem því nemur. *Samþykkt.*

2. Jöfnunarsjóður (Guðmundur Bjarnason formaður ráðgjafanefndar)

2/1 G.B. fór yfir hlestu breytingar sem sem gerðar hafa verið á úthlutunarreglum sjóðsins .

Jöfnunarframlög = fækkað viðm- hópum úr fjórum í þrjá og fullnýting álagningar útsvars skilyrði. (ákvæði 3.3.1 er frestað og tekur ekki að fullu gildi fyrr en eftir tvö ár . Samþykkt stjórnar SÍsv 4.liður 754.fundur)

Viðmiðum útgjalda –jöfnunarframlaga = er breytt í samræmi við aukna þjónustu sveitarfélaga við börn á leik og í grunnskólum og fjölda nýrra Íslendinga . Skólaakstur í dreifbýli= verður nú sjálfstæð eining innan útgjaldajöfnunarframlaga . Útgjaldajöfnunarframlög skerðast nú við 6% (fullnýting tekjustofna) en var áður 4%. Framlög vegna jöfnunar á tekjutapi v/ lækkunar á fasteignaskatti= miðast nú við álagningarprósentu yfirstandandi árs en ekki ársins 2000 eins og áður var.

G.B lagði fram útreikninga á fjárhagslegum áhrifum breytinganna á sveitarfélögin.

G.B telur breytingarnar vera til bóta miðað við að kakan er ekki stækkuð.

BjHG og ÓÁ ræddu bókun stjórnarmanns, bæjarstjóra Akureyrarbæjar, við tillögur endurskoðunarnefndarinnar (3.3.1) og síðan afgreiðslu stjórnarinnar um frestun á því ákvæði.

Ekki eru gerðar breytingar á reglum um úthlutun aukaframlags 1400 millj.

Bj.HG. sagði að allnokkur ágreiningur hafi verið uppi um þessar reglur og hann hafi sent inn athugasemdir sínar til jöfnunarsjóðsins á sínum tíma .

2/2 **Tekið fyrir** : Bréf bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar til SSA dags. 17.apríl v/ hluti útsvarstekna sveitarfélaga sem á að standa undir rekstri grunnskóla o.fl. *Samþykkt að vísa erindi bréfsins til stjórnar S.Í sv.*

Formaður þakkaði G.B . fyrir hádegisverðinn og upplýsingarnar.

Fór G.B síðan af fundi . Guðmundur R. Gíslason óskaði eftir því að víkja af fundi .

3. **Rannsóknarsjóður Austurlands .**

Guðrún Á Jónsdóttir starfsmaður Þekkingarnets Austurlands og form. Rannsóknarhóps ÞNA mætti á fundinn til að kynna hugmynd vinnuhóps um Rannsóknarsjóð Austurlands. Tilgangurinn er að efla rannsóknarstarf á Austurlandi og beina stuðningi ríkis ,sveitarfélaga og atvinnulífs í sameiginlegan farveg. Mikil þörf fyrir slíkan sjóð .m.a til að fá ungt menntað fólk af og á svæðinu til rannsóknarverkefna . Fjöldmörg verðug rannsóknarefni á öllum sviðum á Austurlandi . Rætt var um fyrirkomulag á slíkum sjóði (samningur-sjálfseignarstofnun) .Óskaði Guðrún liðsinni sveitarfélaga og SSA við að koma slíkum sjóði á.

Framkvæmdaráði (BHG-ÓÁ) SSA list vel á hugmyndina og felur framkvæmdastjóra (sem jafnframt er form. stjórnar ÞNA) að fylgjast með vinnu hópsins og huga að, með hvaða hætti SSA og sveitarfélögin geti best stutt við að gera sjóðinn að veruleika.

Formaður þakkaði G.A.J.sem vék síðan af fundi.

4 **Fundargerð stjórnar SSA 15. apríl 2008.**

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

5 **Frá Landshlutasamtökum. Lagt fram til kynningar**

5/1 Eyþing 193. fundur 2. maí 2008

5/2 Eyþing : Tilkyning aðalfundur 2008 3.-4. okt Akureyri.

5/3 SSV Tilkyning 16. ársfund 2008 19.-20. sept Siglufirði

5/4 SSV Tilkyning aðalfund 2008 18. sept Laugum Sælingsdal.

6 **Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. (gamalt og nýtt)**

6/1 Fundargerð stjórnar 753 dags.25.apríl og 754.dags.23. maí 2008.

Fundargerð 753 liðir 10 og 11 ræddir.

Fundargerð 754. liðir 3-4-5 og 14.ræddir.

6/2 Hvernig virkar lýðræðið ráðstefna 16. maí.

Lagt fram.

6/3 Umsögn 529. mál um skráningu og mat fasteigna .

Breyting á kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga við fjármögnun Fastm.ríkisins.

6/4 Minnisblað G.B. 22.04.08

Undanþága heilbrigðisstofnana frá greiðslu lóðarleigu .

Framkvæmdaráð SSA beinir því til samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga að hún taki málið upp með það að markmiði að fella undanþágurnar niður .Ríki og sveitarfélög hafa deilt um greiðsluskyldu ríkisins allengi.

6/5 Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um aðgerðir í húsnæðismálum.

Samkomulagið rætt : Ríkið greiðir nú 60% af heildarkostnaði hækkunar húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta ,sveitarfélögin 40%. Áætlaður árlegur viðbótakostanaður er nú 620 millj. vegna húsaleigubóta og 100.millj vegna sérstakra húsaleigubóta.

7. Samþykktir Kjarasamningar LN við FG og SÍ.

Gögn frá Launaneftinni lágu fyrir.Samningarnir eru til eins árs.

Framkvæmdaráð SSA lýsir yfir ánægju með að samningar milli aðila skuli hafa náðst. Í umræðum kom fram að ekki liggur fyrir hjá einstaka sveitarfélögum hver kostnaðarauki er vegna samninganna.

8. Norðausturnefndin : Skil og frekara framhald (framkvæmdastjóri)

Framkvæmdastjóri upplýsti að NAN nefndin hafi skilað skýrslu sinni með tillögum til forsætisráðherra 19. maí sl. Búið var að tilkynna kynningarfund nefndarinnar á Egilsstöðum 24. maí. Afgreiðsla ríkisstjórnarinnar á tillögunum drógst og því var kynningarfundinum frestað. Ríkisstjórnin samþykkti loks á fundi sínum 10. júní sl .

(í gær) fjárveitingu að upphæð 200 millj (fjárukalög 2008 og fjárlög 2009) til að mæta tillögum nefndarinnar. Samdægurs tilkynnti forsætisráðuneytið samþykktina og setti innihald skýrslunnar á heimasíðu Stjórnarráðsins .Framkvæmdastjóri sendi baklandinu (sveitarfélögin 5) samdægurs upplýsingar um afgreiðslu ríkisstjórnarinnar. Nefndin er nú að finna dag til að kynning geti farið fram á skýrslunni og tillögunum .

Framkvæmdastjóri upplýsti að viðbrögð sem borist hafa frá baklandinu í gær og dag eru ekki öll á jákvæðu nótunum. Hann vonast til að í kynningu nefndarinnar á tillögunum komi

ýmislegt jákvætt fram sem til lengri tíma lítið leiði af sér varanleg störf í umræddum 5 sveitarfélögum.

Formaður og ÓÁ sögðu að tillögurnar valdi vonbrigðum og standi ekki undir þeim væntingum sem heimamenn gerðu til nefndarstarfsins.

Svohljóðandi samþykkt.

Framkvæmdaráð SSA lýsir vonbrigðum með tillögur Norð-austurnefndarinnar og þær eru ekki í takt við væntingar sem gerðar voru til verkefnisins í upphafi.

Sveitarfélögin 5 á Austurlandi höfðu frumkvæði að verkefninu með góðum stuðningi Bygðamálaráðherra.

Svo er að sjá að lítið sé gert með frumkvæðið og traust til heimamanna í tillögunum.

Beðið er eftir kynningu nefndarinnar á skýrslunni og tillögunum og að henni lokinni mun málið verða tekið fyrir í baklandinu (sveitarfélögin 5)

8/2 Afrit bréf sveitarsjórnar Vopnafjarðarhrepps til form. NAN nefndar .

Lagt fram til kynningar.

99 9Staða samstarfsverkefna

A: Eftirfylgni : Svona gerum við / Fjarðabyggðarverkefnið .

Nýlega var fundur með verkstjórum Fjarðabyggðaverkefnisins. Hafliði Hafliðason (ÞFA) og Helga Steinsson (starfsm Fjölmenningsseturs) eru að setja upp og taka saman helstu áherslur sem fram verða settar í leiðarvísi SSA sem kynntur verður á aðalfundinum í haust.

B: Stefnumótun sveitarfélaga í málefnum innflytjenda .(Samband ísl sveitarfélaga)

Starfshópurinn er að leggja lokahönd á vinnu sína. Eftir samráðsfund sveitarfélaga sem var í Rúgbrúðsgerðinni í Reykjavík 9. júní sl. var stefnumótunarvinna starfshópsins kynnt og til umræðu . Nú verið að taka saman helstu ábendingar og áherslur sem þar komu fram og stefnir starfshópurinn á að skila stefnumótunarvinnunni til stjórnar S.Ísl. Sv. fyrir haustið.

C: Úrgangsmál á Austurlandi :

Verkefnisstjórnin hefur haldið 9 fundi . Mannvit verkfræðistofa skilaði skýrslu sinni um sl. mánaðarmót. Nú er unnið með að yfirfara úttektina og skýrsluna . Stefnt er á að senda nokkrum öflugum og þekktum fyrirtækjum sem sérhæft hafa sig í verkefninu , úttektina og skýrsluna og óska eftir því að þeir setji fram heildarlausn til að leysa úrgangsmál á Austurlandi. Á aðalfundi SSA í haust verða tillögurnar kynntar . Í framhaldinu þurfa sveitarfélögin síðan að ákveða hvernig farið verður með tillögurnar

D: Söguritun SSA

Söguritunin gengur samkvæmt áætlun.

E: NAN nefndin (sjá lið 8)

10. Fundargerð samgöngunefndar SSA 19. maí 2008. Lagt fram til kynningar

Umsögn SASSA : Viðauki við samgönguáætlun 2007-10.

11. Boð Landsvirkjunar um vettvangsferð að Kárahnjúkum 30. maí.

Framkvæmdaráð SSA vill koma á framfæri þakklæti fyrir boðið. 3 stjórnarmenn og framkvæmdastjóri mættu í ferðina sem var í senn fróðleg og skemmtileg.

12. Fundur form. og framkvæmdastjóra LHSS á Austurlandi 19. og 20.júní.

Form. sagði frá því helsta í skipulagi sumarfundarins , en fyrri daginn verður verið á Djúpavogi og í nágrenni en seinni daginn á hálendinu við Kárahnjúka –Hraunaveitur og í Fljótsdalsstöð. Lokakvöldverður verður í Svartaskógi .

13. Sumarfundir stjórnar SSA og framkvæmdaráðs SSA.

Tekið var fyrir að ræða fundi í sumar fram að aðalfundi.

Fyrir liggur að júlí fundur stjórnar verður á Hornafirði ,(fyrir miðjan) ágústfundur /sept á Vopnafirði .Framkvæmdastjóra falið að finna fundardaga í samráði við heimamenn í stjórn . Ef þurfa þykir verður framkvæmdaráðsfundur milli stjórnafunda.

14. Byggðastofnun : Ársfundur Egilsstöðum 23.maí sl.Lagt fram til kynningar

14/2 Byggðastofnun Úthlutun styrkja vegna mótvægisáðgerða 26.05.08

15. Önnur erindi og bréf sem borist hafa :

15/1 HAUST Helga Hreinsdóttir framsal eftirlitsverkefna .

Framkvæmdastjóri sat fund í gær (10. júní) á Reyðarfirði með Helgu Hreinsdóttir , Valdimar O Hermannssyni og Árna Óðinssyni frá HAUST og forstjóra Umhverfisstofu Kristín L. Árnadóttir þar sem farið var yfir margítrekaðar óskir HAUST og SSA um flutning eftirlitsverkefna til HAUST. Fundurinn var upplýsandi og “niðurstaða” fékkst í að allt eftirlit með ólúbirgðarstöðvum og fiskeldi verði flutt á næsta ári til HAUST. Flutningur frekari verkefna við álverið þurfa nánari skoðunar við og eru ekki nú á dagskrá.

15/2 Umsögn SSA 329. mál :

Lagt fram

15/3Ályktun SSA : Opinber störf á landsbyggðinni / stefna stjórnvalda.

Lagt fram.

15/4 Fjarðarheiði ,farartálmi atvinnustarfsemi á Seyðisfirði . Br. 29.04.08

Lagt fram .

15/5 Ársfundur ÞNA 3. júní Höfn : Setningar-ávarp formanns ÞNA.

Framkvæmdastjóri sagði frá því helsta sem er á döfinni hjá ÞNA og tengdum stofnunum.

Framkvæmdaráð SSA lýsir yfir ánægju með þá grósku sem er að finna í starfsemi ÞNA og tengdra stofnana í að efla þekkingarsamfélagið á Austurlandi .

16. **Önnur mál.** Engin

Formaður sleit fundi kl. 15.15.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson